

Skráning í millipinganefndir fyrir komandi ársþing SASS, verklag o.fl. ... Vinsamlegast sendið póstinn á kjörna fulltrúa í bæjar- eða sveitarstjórn þannig að þeir geti skráð sig ...

Til : Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Frá : Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Heiti : Skráning í millipinganefndir fyrir komandi ársþing SASS, verklag o.fl. ... Vinsamlegast sendið póstinn á kjörna fulltrúa í bæjar- eða sveitarstjórn þannig að þeir geti skráð sig ...
Málsnúmer : 2407024
Málsaðili : Samtök sunnlenskra sveitarfél
Skráð dags : 05.07.2024 13:11:25
Höfundur : Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Viðhengi [Minnisblað millipinganefnda 04 07 2024.pdf](#)[Minnisblað millipinganefnda 04 07 2024.pdf](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Ágæti bæjar- og sveitarstjóri.

Til upplýsingar og afgreiðslu.

Stjórn SASS hefur ákveðið að hafa millipinganefndir að störfum fyrir komandi ársþing samtakanna á Hótel Örk í Hveragerði 31. október til 1. nóvember nk. Ágætur árangur náðist af starfi millipinganefnda fyrir síðasta ársþing en í nefndunum er farið yfir málefni sem helst brenna á kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar SASS geta kjörnir fulltrúar (aðalmenn) í bæjar- eða sveitarstjórn skráð sig í nefndirnar. Skipaður fulltrúi þarf ekki að hafa sótt fyrri ársþing og viðkomandi þarf ekki að vera fulltrúi á komandi ársþingi. Eina skilyrðið er að viðkomandi sé kjörinn fulltrúi í bæjar- eða sveitarstjórn og hafi brennandi áhuga á málefnum nefndarinnar. Gera má ráð fyrir allt að fimm fundum og þeir verða haldnir í fjarfundi.

Til að átta sig betur á hvað er til umfjöllunar í einstökum nefndum eru í viðhenginu nánari upplýsingum um verklagið, skapalón, efnistöð, dæmi um framsetningu lokaskjals o.fl. Minnisblaðið verður uppfært í ágúst en það gefur ágæta yfirsýn yfir til hvers er ætlast af nefndunum.??

- Upplýsingar um verklag nefnda
- Upplýsingar um nefndir
- Viðauki 1: Umræðupunktur nefnda
- Viðauki 2: Skapalón og dæmi um framsetningu lokaskjals

Gert er ráð fyrir að nefndir ljúki vinnu sinni í byrjun október þannig að hægt sé að senda niðurstöður nefndanna með öðrum kjörgögnum. Á ársþinginu gera formenn grein fyrir helstu niðurstöðum nefnda og í framhaldi af kynningu fari fram umræður. Endanlegar og samþykktar niðurstöður ársþingsins eru síðan vegvísir um hvaða

Áherslur skuli vera í starfsemi samtakanna á komandi starfsári og jafnvel árum. Áherslur sem leggja grunn að starfsáætlun samtakanna.

Vinsamlegast sendið póstinn á kjörna aðalmenn í sveitarstjórn þannig að þeir geti skráð sig [HÉR](#) í millipínganefnd.

Vakni spurningar hafðu þá endilega samband í síma 897 9791.

Góð sumarkveðja,

Bjarni



Bjarni Guðmundsson
framkvæmdastjóri

SASS
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Austurvegi 56
800 Selfossi
sími 480 8200
sass.is